


✉ Re: Forkaupsréttur - beiðni um umsögn.

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 27.9.2021 17:05:44 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 27.9.2021 17:05:39 |
| Tilheyrir |  202109-0022 - Forkaupsrétt ríkisins á lögbylinu Akurseli, Kópaskeri. |

Efni

Re: Forkaupsréttur - beiðni um umsögn.

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|--|----------|----------|
| Sent | 27.9.2021 17:05:39 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-1-0 Umsagnir um frumvörp/reglugerðir/þingsályktunartillögur - almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is) |
| Til | sigridur.svana.helgadottir@uar.is |

Innihald

Sæl,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202109-0022 (SS).

Vísað er til tölvupósts dags. 20. september 2021 frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi þar sem óskað er eftir að ríkið falli frá forkaupsrétti sínum á lögbylinu Akurseli í Öxarfirði, fastanr. 216-60002, landr. 154134.

Lögbylið Akursel er í norðaustanverðum Öxarfirði, nánar tiltekið austast á Austursandi og nær jörðin að Brunná. Náttúruverndargildi Austursands í heild sinni er hátt, einkum vegna fuglalífs en flóðslétta Jökulsár á fjöllum er víðfeðm með söndum og votlendi, og heppilegt varpsvæði fyrir ýmsar tegundir fugla. Austursandur er að öllu leyti innan svæðisins „Öxarfjörður“ sem er ein af tillögum Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta framkvæmdaskrár. Svæðið er einmitt tilnefnt vegna fuglalífs m.a. uppfyllir svæðið alþjóðleg verndarviðmið um lóm og skúm, en báðar þessar tegundir verpa einkum á Austursandi. Sama svæði og er tilnefnt fyrir B-hlutann er á náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem fuglasvæði en þar var lagt til að vernda 220 ferkílómetra svæði. Þá er nyrsti hluti svæðisins á núgildandi náttúruuminjaskrá en um það segir:

532. Votlendi við Öxarfjörð, Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi, N-Pingeyjarsýslu. (1) Svæðið afmarkast af Lóni í vestri, Skjálftavötnum í suðri og þaðan að hreppamörkum við Núpsvatn. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Stararengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.

Fuglalíf Austursands var rannsakað fyrir rúmum 10 árum síðan og varpstöðvar helstu fugla á svæðinu kortlagðar (*Porkell Lindberg Þórarinnsson o.fl. 2013. Náttúrufræðingurinn*). Í rannsókninni kom í ljós að þéttleiki skúms-, kjóa- og lómsvarps er mest á vesturhluta Austursands. Lítið er um varp þessara tegunda austast á sandinum og þar með í landi Akursels. Hins vegar var nokkuð þétt varp svartbaks á norðausturodda sandsins við Araós og á Oddsnesi. Þetta varp er að stórum hluta innan jarðar Akursels. Á valista fugla 2018 er svartbakur skilgreindur sem tegund í hættu og því mikilvægt að vernda mikilvægar varpstöðvar. Á sama valista var kjói einnig skilgreindur sem tegund í hættu og skúmur sem tegund í bráðri hættu. Þar sem Austursandur í heild sinni er mikilvægt varpsvæði fyrir þessar tegundir ber að tryggja góða verndun þeirra á þessu svæði t.d. með friðlýsingu eða friðun tegunda og búsvæða þeirra. Það hefur ekki enn verið gert þótt svæðið hafi verið á náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var fyrir tæpum tveimur áratugum síðan.

Á Austursandi er jarðhiti sem m.a. hitaveita Öxarfjarðarhéraðs nýtir og eru áform um frekari nýtingu á jarðhita á svæðinu. Þá kemur fram í minnisblaði Ríkisjarða um afsal forkaupsréttar á jörðinni Akursel, að kaupandi (Samherji fiskeldi ehf) hafi áhuga á að nýta jörðina fyrir sjótöku fyrir fiskeldisstöðina Silfurstjörnunna í Núpsmýri. Því er ljóst að ásókn fyrir margs konar nýtingu á Austursandi fer vaxandi með tilheyrandi hættu á raski og truflun fyrir fuglalíf. Væntanleg sjótaka Samherja fiskeldi ehf er t.a.m. líkleg til að hafa áhrif á varp svartbaks á Oddsnesi. Það þyrfti nýlegri upplýsingar um stöðu varpsins þar til að leggja uppfært mat á hversu afdrifaríkt slíkt rask gæti orðið.

Vegna staðsetningar og smæðar jarðarinnar Akursels er ólíklegt að hún sé lykilsvæði fyrir annað fuglalíf á sandinum svo sem skúms-, kjóa- og lómsvarp. Því ætti afsal á forkaupsrétti ekki að hafa mikil áhrif á möguleg áform um svæðisbundna náttúruvernd á Austursandi því það væri ekki forgangssvæði eitt og sér fyrir mögulegar verndaraðgerðir. Hins vegar er brýnt að tryggja verndun svartbaksvarps við Oddsnes.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigríður Svana Helgadóttir" <sigridur.svana.helgadottir@uar.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Forkaupsréttur - beiðni um umsögn.

Date: 20.9.2021 12:22:23

Tilvísun í mál: UMH21090055

Fjármála - og efnahagsráðuneytið hefur áframsent umhverfis- og auðlindaráðuneytinu meðfylgjandi erindi

er varðar forkaupsrétt ríkisins á lögbýlinu Akurseli, Kópaskeri, fastanr. 216-6002, landnr. 154134. Hluti landsins er á svæði nr. 532 á náttúruminjaskrá og samkvæmt 5. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013 skal ríkissjóður hafa forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum sem eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá að þeim aðilum frágengnum sem veittur er forkaupsréttur með jarðalögum . Ráðuneytið óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um mat stofnunarinnar á erindinu. Óskað er eftir að umsögnin berist eigi síðar en 27. september nk.

Kveðja,
Sigríður Svana



Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur / Head of Division

Skrifstofa landgæða / Department of Land and Natural Heritage

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Viðhengi

image001.png (5 KB)

ATT00001.jpg (66 KB)